

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri Teikningar og verklýsingar í húsasmíði TEH303 Námsáætlun vorönn 2017	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Halldór Torfi Torfason	Sk.st.	HTT
----------------	------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á teikningalestur og teikningar bygginga og mannvirkja úr steini og gleri. Farið er yfir vinnuteikningar varðandi aðalburðarvirki húsa, einkum þök. Sperrusnið og trjásneiðingarverkefni. Steypumót. Snúnir stigar, steinsteypa og tré. Nemendur kynnst grunnatriðum tölvuteikninga og notkun tölvutækni við miðlun uppdráttu og annarra hönnunargagna.

Áfanginn er eingöngu ætlaður húsasmíðum og byggist kennslan aðallega á verkefnavinnu auk þess sem nemendur læra um viðmót og uppbyggingu algengustu teikniforrita.

Áfangamarkmið:

Nemandi


- kunnir skil á steinsteypuvirkjum og klæðningu steinsteyptra útveggja
- þekki ákvæði reglugerðar um undirstöður bygginga og mannvirkja
- þekki ákvæði reglugerðar um útveggi, klæðningar þeirra og einangrun
- þekki grunnatriði járnendingar á steinsteypu og steinsteyptra stiga
- þekki fagheiti í aðaluppdráttum, lóða- og burðarvirkisuppdráttum
- geti lesið og unnið með teikningar af steinsteypuvirkjum og klæðningum
- þekki gerðir uppdráttu og teikninga og öll almenn teiknitákn
- geti lesið og skilið merkingar og verklýsingar á teikningum
- geti gert efnislista og kostnaðarútreikninga á grundvelli uppdráttu
- hafi innsýn í tæknilegar útfærslur vegna loftunar og einangrunar
- kynnist algengustu teikniforritum á tölvu og þekki notkun þeirra við gerð og miðlun hönnunaruppdráttu
- geti teiknað einföld steinsteypuvirki og klæðningar á stein innanhúss og utan
- þekki teiknaðferðir og teiknireglur fyrir steypuvirki og klæðningar
- þekki stöðluð mál á steinveggjum, klæðningagrindum og einangrun
- geti gert rissmyndir og eftir atvikum notað fjarvidd til að sýna rýmisútfærslur
- geti gert vinnu- og deiliteikningar af steinsteypuvirkjum s.s. stigum

Vinnan:

Vinna verður með svipuðu móti og í fyrri áföngum, þ.e. teiknuð verða verkefni að vali kennara og þau unnin innan ákveðins tíma. Þessi áfangi verður unninn í tölvum en einnig verður unnið verkefni í höndum á plötu í byggingadeild.

Teiknuð verða þök og þakhlutar ásamt stigaverkefnum úr gömlum sveinsprófum.

Rifjaðar verða upp aðferðir við teikningu stiga og ýmsar aðferðir til samsetninga timburs. Einnig er gott að rifja upp aðferðir úr fyrri áföngum

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri Teikningar og verklýsingar í húsasmíði TEH303 Námsáætlun vorönn 2017	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

Vikuáætlun:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Vika	Námsefni – Lýsing námsmatsþátta		Vægi
1 – 2	Stigar – Timburstigi sem smíðaður verður í TRS102		15%
3 – 11	Þök og þakvirki – Þrjú valmaþök og ein kraftsperra		55% (10%+10%+25%+10%)
10 – 16	Stigar – Vinnutrappa sem smíðast í LHÚ104		15%
16 – 18	Stigar – sveinsprófsverkefni		15%
	Samtals:		100%
<i>Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.</i>			

Námsmat:

Áfanginn er próflaus og gilda verkefni 100% til einkunnar.
Verkefnum skal skila útprentuðum fyrir 5. maí 2017.

Námsefni:

Efni frá kennara sem byggist að mestu á sveinsprófum undanfarinna ára.

Ath:


Gert er ráð fyrir að nemendur geti þurft að vinna við teikningar utan kennslutíma


Réttur til breytinga áskilinn

Halldór TT dori@vma.is

Dagsetning:

5. janúar 2017


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils